

1857.
30. júní.

í sömu reglugjörð. Stjórnarráðið verður því að fallast á það álit bæjarstjórnarinnar, að hinni síðastnefndu reglu beri að fylgja, án tillits til hvort sá sem frá á að fara hefir haft starf sitt á hendi í 6 ár eður skemmri tíma, og getur því fulltrúi sá, sem hér ræðir um, ekki haft rétt á að hafa starf sitt á hendi í 6 ár, en hlýtur eflaust, samkvæmt 8. gr. reglugjörðarinnar, að fara frá sem sá meðal bæjarfulltrúa, er lengst hefir haft starf sitt á hendi. Ef þannig er farið að mun einnig, eins og bæjarstjórnin hefir látið í ljósi, smámsaman lagast ruglingur sá, sem áður er á kominnu við kosningarnar, en á hinn bóginn veitir reglugjörðin enga heimild til að bæta úr þessu með því að kjósa til 2 ára, eins og herra stiptamtmaðurinn hefir skipað fyrir.

Samkvæmt því sem hér er sagt skal því hið bráðasta kjósa bæjarfulltrúa í Reykjavík í stað kaupmanns D. Thomsens, og skýri eg herra stiptamtmanninum frá þessu til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminum um skip sem koma til Íslands án leyfisbréfa.

2. júlí.

Í þóknanlegu bréfi 15. apríl þ. á. hefir herra amtmaðurinn skýrt frá, að þér, í trausti þess að stjórnarráðið fallist á það, hafið leyft, að þegar skip stórkaupmannanna Örum & Wulffs kæmi til Húsavíkur á þessu vori eða framan af sumrinu án þess að hafa hin lögskipuðu leyfisbréf, en þegar hin önnur skilríki væri í lagi, og þegar nöfn skipanna, hvar þau eiga heima og stærð þeirra, ásamt nöfn skipstjóranna væri sýslumanninum þar á staðnum kunnugt, þá mætti strax byrja affermingu skipanna, þó með því móti, að tafarlaust sé lögð drög fyrir að kaupa leyfisbréfin hjá sýslumanninum í Eyjafjarðar sýslu.

Þó nú eptir kríngumstæðunum verði að standa við svo búið í þetta skipti, þá vonast stjórnarráðið eptir að þér sjáið um, samkvæmt bréfi hëðan 8. nóvember f. á., að framvegis verði

1857.

2. júlí.

nákvæmlega gætt þeirra reglna, sem skipaðar eru fyrir um það, að sýna skuli eða kaupa á Íslandi hin lögboðnu leyfisbréf áður en afferming skipa sé leyfð.

22. júlí.

20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um skýrslur um þínglesin lagaboð.

Um leið og herra stiptamtmaðurinn (amtmaðurinn) með bréfi þessu er beðinn um að heimta skýrslur hjá öllum sýslumönnum í suður-umdæminu og bæjarfógetanum í Reykjavík (vestur-umdæminu, norður- og austur-umdæminu) um lög þau, tilskipanir og opin bréf, sem þínglesin hafa verið í hverri þínghá síðan 1. janúar 1849, og þareptir senda skýrslur þessar hingað, verður stjórnarráðið að biðja yður eptirleidis á ári hverju að senda því þessháttar skýrslur.

24. ágúst.

21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um embættisbústað handa sýslumanninum í Vestmannaeyjum.

Með þóknanlegu bréfi 31. marz þ. á. hefir herra stiptamtmaðurinn sent stjórnarráðinu bréf frá innbúum Vestmannaeyja, og biðja þeir í því um, að hús verði byggt handa sýslumanni í eyjunum með þeim kostum, að borga skuli aptur og gjalda leigur af fè því, sem til þessa þyrfti, eptir reglum þeim sem vant er að fara eptir í öðrum hlutum landsins þegar eins stendur á. Þér hafið nú nákvæmar talið ástæður þær, sem eptir yðar áleti eru fyrir því, að nauðsynlegt sé að útvega embættisbústað handa tæðum sýslumanni, og hafið þér um leið látið þá meiningu í ljósi, að ekki muni vera faranda fram á að veita lán til þessa með þeim kostum, að það sé borgað aptur með því að greiða 6 af hverju hundraði í 28 ár, þar þetta mundi